

1966 nr. 74 13. maí**Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja**

Tóku gildi 14. október 1966.

■ 1. gr.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd

að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

□ Samningur þessi er prentaður á íslensku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.

■ 2. gr.

□ Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið undirritaður af Íslands hálfu skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.¹⁾

¹⁾ Sjá Stjóð. A 1966, bls. 155–184.